



Samþykkt þann  
06. október 2021  
Byggingartæknifráfarir  
Helgi K. J. Jónsson



# Afstöðumynd

1: 500



**Völuskard 32, Matshluti 01**  
Landeignanúmer: L227988

**Byggingarlýsing**

Húsið er íbúðarhús í notkunarflokki 3. Einbýlishús á tveimur hæðum, staðsett ofan við götu. Burðarvirki hússins eru CLT einingar, steyptr sökkjar og steyptr plata. Húsnæðið er einangrað að utan að öllu leyti og klætt að mestu með álklaðningu en að hluta til með timbri. Litaval og áferð efna miðast við náttúrulega tóna umhverfisins. Litur álklaðningar í steingráum tón. Timburklæðning fær annaðhvort að veðrast og verða silfrud eða viðhaldið í brúnum tón. Álkápa glugga og áfellur að gluggum eru í dekkri tón en álklaðningarefni útveggja. Þakantur hússins í sama lit og gluggar. Mikið útsýni er til allra átta af annarri hæð og verða þaksvaír hluti af efri hæð hússins. Verða þaksvaír aðalgarðyrmi hússins. Á bílastæði á suð-vestur hlið húss verður komið fyrir tenglum ætluðum rafhleðslustöðvum.

- Hæð**  
Aðal inngangur er á fyrstu hæð á suð-vestur hlið hússins. Á fyrstu hæð er anddyri með gestasnyrtingu, þvottahús, bílskúr, tvær geymslur, svefnherbergi, baðherbergi og alrými.
- Hæð**  
Á annarri hæð eru tvö svefnherbergi, alrými, fatarherbergi og salerni.

**Helstu stærðir**

Stærðir	Brúttó flatarmál m <sup>2</sup>	Brúttó rúmmál m <sup>3</sup>
1. hæð	183,7 m <sup>2</sup>	600,9 m <sup>3</sup>
2. hæð	124,4 m <sup>2</sup>	500,2 m <sup>3</sup>
botn	308,1 m <sup>2</sup>	36,5 m <sup>3</sup>
<b>Samtals:</b>	<b>308,1 m<sup>2</sup></b>	<b>1137,6 m<sup>3</sup></b>

Lóðarstærð 800,8 m<sup>2</sup>  
nhl. 0,40

**Sorp.**  
Sorptunnur eru á lóð við vestur og austur horn á bílastæði.

**Almennt um brunavarnir**  
Allar almennar brunamerkingar koma fram á uppdráttum. Björgunarop eru úr öllum svefnherbergjum á 1. hæð, einnig eru fjórar útgönguleiðir frá íbúðarymi. Á efri hæð er flóttaleið út á þaksvaír um rennihurð úr alrými, niður stiga á fyrstu hæð, í gegnum björgunarop frá svefnherbergjum og út um svalahurð á baðherbergi. Fimm reykskynjarar eru í húsinu, þrjár á fyrstu hæð og tveir á annarri. Slökkvitæki eru við tvær útgönguhurðir á fyrstu hæð og í eldhúsi. Brunamótstaða burðarvirkis samkvæmt kafla 9.9.2 og 9.9.3 í byggingarreglugerð, sérþýli í notkunarflokki 3 (lítið áhætta og minna en 800 MJ-m<sup>2</sup>). Brunamótstaða vegna bílskúrs merkt á uppdrætti. Í húsinu verða reykskynjarar með hjóðgjöfum valdir með hliðsjón af aðstæðum.

**Aðgengi**  
Ekki er gert ráð fyrir aðgengi fatlaðra þar sem húsið er á tveimur hæðum.

**Burðarvirki**  
Burðarvirki hússins er í svignunarflokki A og eru CLT einingar, limtrésbitar og staðsteyptr járnbeti steinsteypa. Botnplata og sökkjar eru steyptr en allt annað burðarvirki úr CLT einingum og limtrésbitum. Undirstöður eru annaðhvort grundaðar á klöpp eða steyptr á þöðu, meta þarf aðstæður eftir gróit.

**Vottanir og gæði timbureininga:**  
Evrópskt tæknisamþykki ETA-06/0138, CE vottun ISO 9001:2015 Gæðavottun ISO 14001:2015 Umhverfisyvottun EPD umhverfisyfirlýsing (Environmental Product Declaration) FSC og PEFC vottanir um sjálfbærni skóga

**Útveggir og klæðning**  
Útveggir eru klæddir með áli og timbri, lerki eða sambærilega veðurþolnum við. Einangraðir með 100mm steinullareinangrun og er loftunar bil minnst 25mm. Gufuhleypinn dükur er á utanverðum CLT einingunum og undir einangrun. Klæðningar í byggingunni eru almennt í flokki 1 og að hluta til í flokki 2.

**Þök**  
Tvær gerðir þaka eru á húsnæðinu annarsvegar einhalla CLT loftræst þak yfir annari hæð og hinsvegar óloftræst CLT „flatt“ þak undir svolum. Burðarvirki einhalla þaksins er úr CLT einingum. Að þeim utanverðum er öndunardükur, 200mm steinullareinangrun, 34x70 lektur skrófaðar niður í CLT einingarnar í gegnum einangrun með C/C 600 mm. Ofan á lektur er heilklætt með 1"x5" þakborðum með hefðbundnum þakpappa og bárujárnklæðningu. Burðarvirki flata þaksins er úr CLT einingum. Að þeim utanverðum er eitt lag af ásoðnum pappa (bitumen), 200mm steinullareinangrun, soðinn PVC dükur sem ysta vatnsvörn. Undirstöður þalls eru stillanlegir plast fætur. Klæðning þalls er lerki eða annar sambærilega veðurþolinn viður.

**Einangrun**  
Einangrun allra byggingahluta í samræmi við gr. 13,3,2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Botnplata og sökkjar eru einangruð með 100mm plasteinangrun. Húsið er einangrað að utan með 100mm steinull og klætt með áli og timburklæðningu. Þök eru einangruð með 200mm steinullareinangrun. Á þaksvaír er einangrað með 200mm steinullareinangrun, vatnshalli er 1:40. Reiknað einangrunar gildi einstakra byggingahluta:

Einangr. mm	Heildar varmatap á fermetra húss
<b>Hurðir 1,46</b>	
<b>Gluggar 1,7</b>	<b>1,23 W/m<sup>2</sup>K</b>
<b>Útveggir 0,26</b>	<b>100</b>
<b>Létt þak 0,14</b>	<b>200</b>
<b>Gólf 0,25</b>	<b>100</b>

**Stígar og handrið**  
Stígi innanhúss er úr stáli og timbri og handrið amk. 900mm hátt. Svalahandrið er ýmist hert öryggisgler 1100mm hæð eða ál og timburklæddir handriðsveggir.

**Innveggir**  
Klæðning innanhúss er í flokki 1, það á einnig við um bílskúr. Brunapól í flokki 1, það á einnig við um bílskúr. Innveggir eru annarsvegar úr timbur einingum (CLT), einangardir með steinull og klæddir gífsplötum. Hinsvegar eru innveggir úr blökkstöðum, steinull, krossvið og gífsi. Á baði er rakavarið gífs.

**Niðurtekin loft**  
Niðurtekin loft á fyrstu hæð eru gífsklædd heilsþortluð og máluð.

**Innihurðir**  
Yfirfellar hurðir úr timbri dökktona harðviður.

**Útihurðir**  
Inngangshurðir og svalahurðir eru úr timbur, áli og gleri.

**Gluggar**  
Álklaðdir timburgluggar. Gler skal vera samkvæmt grein 12.4.3 og samkv. Rb blaði (31).121.1.

**Þakgarður**  
Klæðningarefni þalls er timbur. Vatnshalli samkv. Reglugerð. Timburklæðning er á innaverðu handriði. Hlutar handriðs eru úr hertu öryggisgleri. Gróðurbeð er fyrir ofan aðalinnangang hússins ætluð lágvöxnum runnagróðri og sigrænum plöntum.

**Lóðafrágangur**  
Bílastæðin eru hellulögð eða steyptr, aðkomuleiðir eru hellulagðar. Á suð-vestur hlið húss eru grasflatar og lágvaxnir runnar, að öðru leiti náttúruflóð með beinvöxnum trjám á stöku stað. Frágangur á lóðarmörkum verður í samráðum við aðliggjandi lóðarhafa.

**Lagnir og loftræsing**  
**Fráveitlagnir**  
Lagt verður tvöfalt kerfi annars vegar fyrir skólþagnir og hinsvegar fyrir regnvatnslagnir. Vatns og rafmagnsintök eru í bílskúr.  
**Hitakerfi**  
Húsið er upphitað með gólfhita.  
**Neysluvatnskerfi**  
Heitt neysluvatn er upphitað kalt vatn um varmaskipti að hámarki 60°C. Lagnir verða plastlagnir.  
**Loftræsikerfi**  
Öll rými í húsinu eru með opnanlegum fögum þannig loftræsting hússins er náttúruleg. Votrými og eldhúsi verða loftræst með vélrænni loftræstingum.  
**Snjóbræðslukerfi**  
Gert er ráð fyrir snjóbræðslu á bílastæði og göngustígum að inn göngum. Eingöngu affalsvatn er notað til upphitunar vegna snjóbræðslu.

- Tákn:**
- Björgunarop
  - Brunamótstaða 60 min
  - Brunamótstaða 30 min
  - Gólfniðurfali
  - Loftræsing
  - Rafhleðslustöð
  - Reykskynjari
  - Slökkvitæki
  - Útiljós
  - Þakniðurfali
  - Hæðarkorti í plani



Helgi Kjartansson Byggingartæknifræðingur Hvammur 1b - 845 Flúðir kt. 030270-5419 - s: 617-5377 netf: helgikjartansson@gmail.com				Verkefni <b>Völuskard 32, Hafnarfjörður 221</b> Einbýli Aðaluppdráttur
Days. 07.09.2021	Tækn. Nr. 109	Mkv. 1:500 @ A2	Skrá .dwg	<b>Afstöðumynd og byggingarlýsing</b>
Breyting dags edli breytingar				
Aðalhönnuður <b>Ragnar Kaspersen</b>				Samþykkt <i>Helgi K. J. Jónsson</i>
Sambærillur				